

Boðsbréf frá SAMFOK, Móðurmál og W.O.M.E.N.



FORELDRASAMSTARF OG FJÖLMENNING fimmtudaginn 21. janúar kl. 19.30

Formönnum eða fulltrúum stjórna foreldrafélaga grunnskóla í Reykjavík er boðið á fræðslu- og umræðufund hjá SAMFOK sem ber yfirskriftina "Foreldrasamstarf og fjölmening". Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 21. janúar kl. 19.30-21.00 að Háaleitisbraut 11-13, 4 hæð.

Fundurinn er liður í undirbúningi samstarfsverkefnisins "Allir með, um nám og velferð barnanna okkar". Haustið 2016 mun SAMFOK - samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík í samstarfi við Móðurmál - samtök um tvítyngi, og W.O.M.E.N. - samtök kvenna af erlendum uppruna, halda 6 námskeið á helstu tungumálunum fyrir foreldra af erlendum uppruna. Námskeiðin munu fjalla um mikilvægi góðs samstarfs skóla og foreldra um nám og velferð barna, ábyrgð, áhuga og áhrif grunnskólaforeldra. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði Innflytjendamála og Reykjavíkurborg.

Markmiðið með fundinum fimmtudaginn 21. janúar er að setja fókus á foreldrasamstarf og fjölmeningu og skapa vettvang fyrir samstarfsaðila og aðra áhugasama um málefnið til að hittast og ræða saman.

Dagskrá:

- ❖ Formaður SAMFOK kynnr verkefnið "Allir með, um nám og velferð barnanna okkar"
 - ❖ Örstutt kynning á samtökunum SAMFOK, Móðurmál og W.O.M.E.N.
 - ❖ "Heimurinn er hér" stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf (Fríða B. Jónsdóttir verkefnastjóri)
 - ❖ Samstarf foreldra og skóla, áskoranir og tækifæri (Hólmfríður Guðjónsdóttir skólastjóri Hólabrekkuskóla og Sigríður Einarsdóttir formaður foreldrafélags Hólabrekkuskóla)
 - ❖ Sjónarhorn nemenda (2 nemendur af erlendum uppruna)
 - ❖ Umræður
- Boðið verður upp á kaffi og hressingu.

Vonandi sjáið þið ykkur fært að taka þátt. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Bryndísar Jónsdóttur framkvæmdastjóra SAMFOK, netfang samfok@samfok.is

Hlökkum til að sjá ykkur,
Birgitta Bára Hassenstein, formaður SAMFOK
Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK